

Mánudaginn 7. desember 1953.

Nr. 171/1953. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)
 gegn

Ingvari Gíslasyni (Gunnar J. Möller).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógetafulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimanna-skólans markað á sjóuppdrátt stað þann, er varðskipið kom að vélbát ákærða kl. 11,00 hinn 23. september 1953 svo og stað þann, þar sem ætla má, að dragnótin hafi verið dregin inn í umrætt skipti. Reyndist fyrrnefndi staðurinn vera um 3 sjómílar og hinn síðartaldi um 2 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms telst ákærði hafa brotið gegn ákvæðum þeim, sem til er vitnað í héraðsdómi, að undanteknum bráðabirgðalögum nr. 37/1952. Þykir refsingin hæfilega ákveðin sekt, eins og greinir í héraðsdómi, og renni sektin í Fiskveiðasjóð Íslands, en varðhald 30 daga kom í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt lögjöfnun frá 3. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra, þó þannig, að andvirðið skal renna í Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. 6. gr. laga nr. 45/1937.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð :

Ákærði, Ingvar Gíslason, greiði 4000 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skulu upptæk ger og rennur andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars Ásmundssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 23. sept. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ingvari Gíslasyni, Vestmannabraut 11 í Vestmannaeyjum, skipstjóra á v/b Erlingi, VE 295, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot gegn 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44 frá 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. bráðabirgðalög nr. 37 frá 19. marz 1952, sbr. lög nr. 81 frá 8. desember 1952, með því að hafa verið að dragnótaveiðum á mótorbátnum Erlingi I, VE 295, árdegis í dag, miðvikudaginn 23. september 1953, SA af Súlnaskeri, um 2 sjómílur innan þeirrar markalínu, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. áðurnefnd lög nr. 44 frá 4. apríl 1948.

Þær kröfur eru gerðar af ákæruvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952, sbr. 3. gr. laga nr. 44 frá 5. apríl 1948 og 1. gr. laga nr. 81 frá 8. desember 1952 og afli og veiðarfæri v/b Erlings I, VE 295, verði gerður upptækur samkvæmt 1. og 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940, svo er og krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Ingvar Gíslason er fæddur 7. júlí 1913 á Stokkseyri og var hinn 22. febrúar 1944 kærður fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja, en málið fellt niður fyrir sannanaskort. Öðrum kærum né refsingum hefur hann ekki sætt, svo kunnugt sé.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á v/s Ægi var varðskipið í morgun á eftirlitsferð SA af Súlnaskeri. Kl. 10.30 sá varðskipið vélbát á bakborða

innan við landhelgislinu og var strax haldið í áttina til hans og virtist hann þá vera á lítilli ferð. Kl. 10.48 setti báturinn á fulla ferð í stefnu á Urðavita, eftir því sem varðskipsmönnum virtist. Kl. 10.55 var skotið lausu skoti að bátnum og nam hann þegar staðar. Kl. 11.00 kom varðskipið að bátnum, sem reyndist vera v/b Erlingur, VE 295, og var hinn ákærði skipstjóri á bátnum. Varðskipsmenn gerðu þá eftirfarandi staðarákvörðun:

Geirfuglasker

> 42° 51'

Stórhöfðaviti

> 35° 36'

AK. Elliðaeyjar

Dýpi 150 m., sem gefur staðinn 2,9 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna.

Varðskipsmenn fóru um borð í bátinn og athuguðu veiðarfæri og afla og var dragnótin rennblaut og lifandi fiskur á þilfarinu, þannig að auðséð var, að dragnótin hafði verið nýdregin úr sjó.

Skipstjórinn var fluttur yfir í varðskipið og honum bent á, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi. Viðurkenndi hann að hafa verið að dragnótaveiðum, en kvaðst hafa álitid, samkvæmt sínum miðunum, að hann hefði verið utan við landhelgislinu. Varðskipsmenn buðu honum að gera sjálfur staðarákvörðun, en hann óskaði þess ekki, en leit í ratsjána og sá þar, að fjarlægð í Stórhöfða var 7 sjómílar.

Samkvæmt því er fyrr segir, töldu varðskipsmenn að kærði hefði keyrt í 7 mínútur í áttina á Urðavita, frá því hann hafði lokið við að taka inn dragnótina og þar til hann nam staðar og með tilliti til ganghraða bátsins, um 9 sjómílar á klukkustund, áætluðu varðskipsmenn, að báturinn hafi verið 2,0 sjómílar innan landhelgislinu, er hann dró inn dragnótina.

Að athugunum sínum loknum, hélt varðskipið til Vestmannaeyja og kom þangað kl. 12.28 í dag. Veður var V 2. Sjór ASA 2 og ágætt skyggni, er báturinn var tekinn.

Framanritaða skýrslu staðfesti skipherrann á Ægi fyrir dóminum og ennfremur II. stýrimaður varðsipsins. Kváðu þær staðarákvarðanir hafa verið framkvæmdar með sextant af I. og II. stýrimanni og væru þær fyllilega öruggar, enda skilyrði verið góð til að framkvæma mælingarnar.

Ákærði viðurkennir fyrir dóminum, að hann hefði verið nýbúinn að draga inn dragnótina, er varðskipið kom að. Hann kvaðst ekki véfengja skýrslu varðskipsmanna né staðarákvarðanir þeirra og féllst því á, að hann myndi hafa verið að dragnótaveiðum í landhelgi í umrætt sinn. Hins vegar kveðst hann hafa haldið, að hann hefði verið utan landhelgislinu og byggði það á miðunum, er hann gerði áður en hann kastaði, en það var um þremur stundarfjórðungum áður en hann dró nótina inn. Gaf hann upp í dóminum miðanir sínar, en þær voru óglöggar og bentu frekar til, að hann hefði kastað nótinni allmikið innan við landhelgislinu.

Engin ástæða virðist til að véfengja mælingar varðskipsmanna og með framburði skipherrans og II. stýrimanns varðsipsins svo og með játningu ákærða sjálfs verður að telja sannað, að hann hafi í morgun milli kl. 10

og 11 verið að dragnótaveiðum á v/b Erlingi, VE 295, um 2 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna, SA af Súlnaskeri, og hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og bráðabirgðalög nr. 37/1952 og lög nr. 81/1952.

V/b Erlingur er að stærð 22,6 rúmlestir brúttó og koma því ekki til greina ákvæði laga nr. 45/1937, sbr. lög nr. 26/1940, sbr. lög nr. 31/1951, um verknað ákærða.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952, hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs Íslands og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt heimild í 69. gr. 1. mgr. 1. og 3. tl. laga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 þykir rétt að ákveða, að afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skuli upptæk ger og renni andvirðið í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Gíslason, greiði 4000 króna sekt í ríkissjóð Íslands og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skulu ger upptæk og rennur andvirðið í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 8. desember 1953.

Nr. 191/1952. **Rafveita Vestmannaeyja** (Sigurður Ólason)
gegn

Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum (Gunnar J. Möller)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um heimild einkarafstöðvar til orkuflutnings.
Fógetagerð. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógetafulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með